

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu efnavopna, nr. 570/2019.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, nr. 68/2023.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.2 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1964 frá 15. júlí 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna, sbr. fylgiskjal 1.2.

2.2. Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1965 frá 15. júlí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1542 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna, sbr. fylgiskjal 2.2.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 68/2023.

#### 3. gr.

##### *Viðurlög.*

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 2. september 2024.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.2.**

**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1964**  
**frá 15. júlí 2024**  
**um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544**  
**um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2018 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544<sup>(1)</sup>.
- 2) Í ályktunum sínum frá 20. maí 2021 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins „um aðgerðir ESB í mannúðarmálum: nýjar áskoranir, sömu meginreglur“ áréttaði ráðið skuldbindingu sína um að forðast og ef það er ekki unnt, að milda eins og hægt er, hugsanleg óráðgerð, neikvæð áhrif þvingunaraðgerða Sambandsins á aðgerðir í mannúðarmálum á grundvelli meginreglna. Ráðið ítrekaði að þvingunaraðgerðir Sambandsins samræmist öllum skuldbindingum samkvæmt þjóðarétti, einkum alþjóðlegum mannréttindalögum, alþjóðlegum mannúðarrétti og alþjóðalögum um flóttamenn. Það lagði áherslu á mikilvægi þess að fylgja að fullu meginreglum um mannúð og alþjóðlegum mannúðarrétti í stefnu Sambandsins um refsiaðgerðir, m.a. með samræmdri innfellingu undanþága af mannúðarástæðum í regluverk Sambandsins um þvingunaraðgerðir þar sem við á og með því að tryggja að skilvirkur rammi sé til staðar fyrir notkun stofnana á sviði mannúðarmála á slíkum undanþágum.
- 3) Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 og til að greiða fyrir aðgerðum í mannúðarmálum á grundvelli meginreglna af hálfu óháðra aðila á sviði mannúðaraðstoðar, ættu tiltekin samtök og stofnanir sem starfa sem samstarfsaðilar Sambandsins í mannúðarmálum að vera undanþegnar banni við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum eingöngu í mannúðarskyni. Auk þess ætti að innleiða undanþágufyrirkomulag fyrir þau samtök og þá aðila sem taka þátt í mannúðarstarfi en geta ekki nýtt sér undanþágu af mannúðarástæðum. Enn fremur ætti að innleiða endurskoðunarákvæði í tengslum við þessar undanþágur.
- 4) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 3. gr.:

„7. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um samtök og stofnanir sem hafa gengist undir mat Sambandsins á stoðum og sem Sambandið hefur gert samstarfssamning um fjárhagsramma við sem samtökin og stofnanirnar starfa eftir sem samstarfsaðilar Sambandsins í mannúðarmálum, að því tilskildu að afhending fjármuna eða efnahagslegs auðs sem um getur í 2. mgr. sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni.

8. Í tilvikum sem falla ekki undir 7. mgr. og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis veitt sértækar eða almennar heimildir, með þeim almennu eða sértæku skilyrðum sem þau telja viðeigandi, til að affrysta tiltekna frysta fjármuni eða efnahagslegan auð eða gera tiltekna fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilega, að því tilskildu að afhending slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni.

9. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 8. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

10. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8. eða 9. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- 2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 8. gr.:

„Undantekningarnar sem um getur í 7., 8. og 9. mgr. 3. gr. að því er varðar 1. og 2. mgr. 3. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta

fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallar-breytingar á aðstæðum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. júlí 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

NAGY I.

(<sup>1</sup>) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1544 frá 15. október 2018 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna (Stjtíð. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 25).

## **Fylgiskjal 2.2.**

### **REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1965**

**frá 15. júlí 2024**

#### **um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1542 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1964 frá 15. júlí 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna(<sup>1</sup>),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 15. október 2018 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544(<sup>2</sup>) og reglugerð (ESB) 2018/1542(<sup>3</sup>) um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna.
- Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544 og reglugerð (ESB) nr. 2018/1542 og til að greiða fyrir aðgerðum í mannúðarmálum á grundvelli meginreglna af hálfu óháðra aðila á sviði mannúðar-aðstoðar, ættu tiltekin samtök og stofnanir sem starfa sem samstarfsaðilar Sambandsins í mannúðarmálum að vera undanþegnar banni við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum eingöngu í mannúðarskyni. Auk þess ætti að innleiða undanþágu-fyrirkomulag fyrir þau samtök og þá aðila sem taka þátt í mannúðarstarfi en geta ekki nýtt sér undanþágu af mannúðarástæðum.
- Hinn 15. júlí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1964 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2018/1544. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1964 eru innleiddar undanþágur af mannúðarástæðum frá þvingunaraðgerðum gegn útbreiðslu og notkun efnavopna.
- Þessar breytingar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsyn- leg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggj sé að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2018/1542 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi grein er felld inn í reglugerð (ESB) nr. 2018/1542:

„2. gr. a

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. skulu ekki gilda um fjármuni eða efnahagslegan auð sem samtök og fagstofnanir gera aðgengilega sem hafa gengist undir mat Sambandsins á stöðum og sem Sambandið hefur gert samstarfssamning um fjárhagsramma við sem samtökin og fagstofnanirnar starfa eftir sem samstarfsaðilar

Sambandsins í mannúðarmálum, að því tilskildu að afhending slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni.

2. Í tilvikum sem falla ekki undir 1. mgr. þessarar greinar og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld veitt sértækar eða almennar heimildir, með þeim almennu eða sértæku skilyrðum sem þau telja viðeigandi, til að affrysta tiltekna frysta fjármuni eða efnahagslegan auð eða gera tiltekna frysta fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilega, að því tilskildu að afhending slíkra fjármuna eða efnahagslegs auðs sé nauðsynleg eingöngu í mannúðarskyni.

3. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 2. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild, sem veitt er skv. 2. eða 3. mgr., innan tveggja vikna frá þeim degi sem sú heimild er veitt.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

NAGY I.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/1964, 16.7.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1964/oj>.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1544 frá 15. október 2018 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna (Stjtið. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 25).

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2018/1542 frá 15. október 2018 um þvingunaraðgerðir gegn útbreiðslu og notkun efnavopna (Stjtið. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 12).